

FK

Ársskýrsla Félags kvikmyndagerðamanna



Starfsskýrsla 2012-2013

Lagt fram á aðalfundi 24. janúar 2013

Aðalfundur, kjör stjórnar og stjórnarfundir

Aðalfundur FK félags kvikmyndagerðarmanna var haldinn laugardaginn 26. febrúar 2011 í Iðnó. Ágætlega var mætt á fundinn. Fylgt var dagskrá aðalfundar svo sem lýst er í félagslögum. Formaður félagsins Hrafnhildur Gunnarsdóttir flutti skýrslu stjórnar og Guðbergur Davíðsson fór yfir ársreikninga félagsins. Að því loknu var kosið til stjórnar. Í stjórn tóku sæti:

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður
Stefanía Thors, varaformaður
Anna Þóra Steinþórsdóttir, ritari
Guðbergur Davíðsson, gjaldkeri
Bergsteinn Björgúlfsson, meðstjórnandi
Júlía Embla Katrínardóttir, meðstjórnandi
Guðmundur Erlingsson, meðstjórnandi
Ósk Gunnlaugsdóttir, varamaður
Anton Máni Svansson, varamaður

Stjórnin fundaði 12 sinnum á starfsárinu. Stjórnarfundir voru flestir haldnir í fundarherbergi KMFÍ- Kvikmyndamiðstöðvar að Hverfisgötu 54. Fundargerðir eru aðgengilegar á netinu en verða einnig aðgengilegar útprentaðar á skrifstofu félagsins. Starf stjórnar var hefðbundið á árinu 2012 fyrir utan það að Hrafnhildur formaður dró sig í hlé af persónulegum ástæðum frá ágúst og fram í byrjun nóvember og tók þá aftur til starfa. Stefania Thors gegndi starfi formanns í fjarveru formanns.

Félagatal

Fjöldi skráðra félaga í FK á síðasta ári voru 389 og greiddu 200 félagsgjöldin í ár. Lítilleg aukning varð því á fjölda greiddra félaga. Póstlisti okkar spannar um 600-700 netföng en ljóst er að margir sem starfa við kvikmyndagerð eru ekki skráðir í félagið.

Aðsetur félagsins, útgáfa og starfsemi

Einhver vandamáli við lesun? Smelltu hér til að sjá eða veita ábendingu.

Félag kvikmyndagerðarmanna
The Icelandic Filmmakers' Association

Lýstu upp skammdögð
með góðri höfningu á Vetrarhölið

ÞÚ BLÉNDUR STUFTSTUFR
VALDAR Á ZÓBROFFNA

„MAGNAD MYRKUR“
EFTIR MEÐ GÓÐR HÖFNING
VELTAFRÁTTIÐ HEYLAJAVIK

DR. HENNINGSSON
OMRÁÐSSTJÓRNARMAÐUR
SÍMUNINGARSTJÓRNARMAÐUR

Í BÍO PARADÍS
Waldje og Carnival of Souls

Ný menningarafstaða – kynning og pallborðsmæður
Omásteinn Félag list- og menningarstjórna

Félagdaginn 7. desember kl. 15.00 - 17.00
Hverfisgötu 4 - 6, 5. hæð (ramsóksalur H.B.)

Guðni Tomasson, ráðgjafi ráðherra í menningarmálum kynnrir nýtt frumvarp um menningarstafu. Eftir kynningu Guðna verður boðið upp á pallborðsmæður með eftirlitum aðlun:

- Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur, forseti Ósmanni Fornefndar ríkisins
- Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor og deildarforseti stjórnsáttavæðingar Háskóla Íslands
- Signýja Laðadóttir menningaráfgafa hjá Auru menningarstjórnun - Stærri Háskóla Íslands, markaðs- og kynningarstjóri Listaháttar í Reykjavík

Dr. Njórður Sigurðsson, lektor við Háskólann á Bifstíð stýrir pallborðsmæðum.

Skráning hér á Facebook: <https://www.facebook.com/venntu/193845077306797/>

Ekki gætt! Léttaf veltar í boði!
Eksí-missa af þessum mikilvægu vinnu! Mættum öll!

Hefur þú áhuga á að taka þátt í Vetrarhölið í Reykjavík og gæla borgina fjölbreytta og heilandi lífi?

Vetrarhölið verður haldið dagana 7. - 10. febrúar 2013 frá frimtdögum til sunnudags. Hælið hefur sína og verið með dagana sem tengt menningu og listum, orku og ábrúttum, hlágu- og sökkvæðum, líftíð og þróttum, umhverfi og sögu. Gefur hún borgarbúum og gestum tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttu dagræði sér ák. kostnaðarlausu.

Hefjum við alla þá sem vilja ljúsa upp skammdögð að senda okkur tilkúgu fyrir 7. desember n.k. á netfangið venntali@reykjavik.is

Vila leynast sökkvæðum til þess að efla frangang hátíðarinnar. Allt frumvarp er vel þegla og þú lesum eftir ánum í dagræði hátíðarinnar, viðburðum og uppsökum af ýmsu lagi, stórum sem smáum.

Yrskett hátíðarinnar er „Magnad Myrkur“ og gaman vænt af hún speglablið í hinum ýmsu viðburðum hátíðarinnar. Það er þó alls ekki skýrt til þessu, þú vilst þú búum vel á möt öllum tilögum.

Félag kvikmyndagerðarmanna hefur aðsetur að Hverfisgötu 54, þar sem Kvikmyndamiðstöð Íslands og Bío Paradís eru til húsa. Þar hafa flestir stjórnarfundir verið haldnir 2012.

Enginn stjórnarmanna FK er á föstum launum fyrir störf sín nema Ósk Gunnlaugsdóttir sem sér um útsendingu fréttabréfs og uppfærslu á vefsíðu og er henni greidd þóknun (9 mánuði á ári) fyrir það.

Fréttabréf FK var sent samtals út 31 sinni á þessu starfsári. Sjá hér til hliðar sýnishorn af fréttabréfum 2012: Fréttabréfinu er dreift á 670 netföng með Mail Chimp og getum við þar með fylgst með opnun á því sem að meðaltali er um 42%.

Formaður og stjórn félagsins lögðu að mestu áherslu á tvö málafni á síðasta starfsári. Annars vegar starfaði formaður í stýrihóp um kvikmyndamenntun á vegum menningar- og menntamálaráðuneytisins sem var fallið að kanna stöðu menntunarmála kvikmyndagerðarmanna og gera tillögu um tilhögun þess. Sjá betur hér síðar í skýrslunni. Einnig vann

Mynd 1 sýnishorn af rafrænu fréttabréfi átt fund með fulltrúum stjórnar SÍK þar sem FK lagði fram tillögu að rammisamning sem spannar vinnutilhögun og vinnuáætlunum fyrir fólk sem starfar í kvikmyndagerð. Um það mál verður einnig fjallað frekar síðar í skýrslunni.

stjórnin að því að koma kjaramálum í farveg og hefur nú

Fjármál

2012 voru 382 manns skráðir í félagið. Gjaldkera telst til að 200 hafi greitt félagsgjöldin fyrir síðasta ár. Til samanburðar má nefna að árið 2009 voru skráðir félagar 196 og greiddir félagsmenn ca 120. Það er því ljóst að þar hefur orðið mikil aukning á innkomu vegna félagsgjalda. Hins vegar fara tekjur af IHM sjóði þverrandi. Fyrir utan að hafa slæm áhrif á IHM sjóðinn sjálfan er deginum ljósara að mikilvægt er að vinna með öðrum hlutaðeigandi aðilum að því að koma nýjum tekjustofni t.d. af gjaldi af sjónvarpsflökkurum eða með gjöldum af niðurhali til að viðhalda sjóðnum. Það er mat formanns að félag kvikmyndagerðarmanna verður að fara að huga að öðrum fjáröflunarleiðum til að geta í raun elft félagið. Ef áætlanir um að FK verði með kjaradeild innan félagsins verða að veruleika þá myndi félagið styrkjast sem næmi greiðslu félaga til endurmenntunarsjóðs FK.

Kjaramál

Eitt af stóru málum ársins fyrir FK var að koma kjaramálum í farveg. Mikil undirbúningsvinna hefur nú þegar farið fram í þá átt að gera FK að stéttarfélagi. Það sem hefur þokast í þessu máli á síðasta ári er að nú í desember hitti samninganefnd FK fulltrúa SÍK og lögðu fram drög að rammasamningi um vinnutilhögun og lágmarks vinnuaðstæður fyrir kvikmyndagerðarmenn. Í viðauka má sjá það skjal sem lagt var til grundvallar þessum samningi. Samninganefnd FK 2012 var/er skipuð Hrafnhildi Gunnarsdóttur formanni, Guðbergi Davíðssyni gjaldkera og Bergsteini Björgúlfssyni meðstjórnanda. Samninganefnd SÍK skipa Kjartan Þór Þórðarson, Lilja Ósk Pálmadóttir, Agnes Johansen og Helga Margrét Reykdal. Áætlanir eru um að hittast fljótlega aftur til að komast að niðurstöðu um þennan grunnsamning. Þessi samningur er fyrsta áþreifanlega skrefið í þá átt að gera FK að stéttarfélagi kvikmyndagerðarmanna. Markmið samningsins er að tryggja starfsfólki í kvikmyndagerð lágmarkslaun og mannsæmandi aðstæður. Hann kveður m.a. á um grunn vinnustundir, lengd vinnuviku, þóknun fyrir yfirvinnu, næturvinnu og greiðslu fyrir vinnu á frídögum, hvíld, viðmiðunartaxta, matarhlé á tókustað, aðstöðu á tókustað, öryggisreglur og trúnaðarmenn.

Framtíð kvikmyndamenntun á Íslandi

Á síðasta ári skipaði menningar- og menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir stýrihóp í ráðuneytinu til ráðgjafar um kvikmyndamenntun á Íslandi. Nefndin var skipuð Laufeyju Guðjónsdóttur forstöðumanni kvikmyndamiðstöðvar og var jafnframt formaður nefndarinnar, Þórunni Jónu Hauksdóttur fulltrúa menningar- og menntamálaráðuneytisins og Hrafnhildi Gunnarsdóttur formanni FK. Nefndin starfaði frá mars fram í ágúst og gerði úttekt á því kvikmyndanámi sem er í boði á Íslandi og gerði síðan tillögu að því að hvernig hún teldi best að framtíðarskipan kvikmyndnáms yrði á Íslandi. Nefndarmenn fengu til liðs við sig tvo erlenda ráðgjafa: Henning Camre, forstöðumaður *Think Tank on European Film and Film Policy* og fyrrverandi skólastjóri *Den Danske Filmskole* og *National Film and Television School* í Englandi og Vladan Nikolic, prófessor við kvikmyndadeild *The New School (Parsons)* í New York og kennari við kvikmyndadeild *New York University*. Æskilegt þótti að fá tvo sérfræðinga með mismunandi bakgrunn til að fá fram ólík sjónarmið um fyrirkomulag kvikmyndamenntunar og læra af reynslu fólks í Evrópu og Bandaríkjunum um þróun menntunar á þessu sviði. Camre og Nikolic heimsóttu Ísland á mismunandi tíma og lögðu hvor um sig sjálfstætt mat á kvikmyndanámi á Íslandi.

Stýrihópurinn og erlendu sérfræðingarnir heimsóttu gagngert alla skóla og stofnanir sem sinna menntun í kvikmyndagerð og eða kölluð þá aðila á fund til sín. Allt skólastarf í kvikmyndagerða á Íslandi var kortlagt. Enn frekar var rætt við alla fulltrúa fagfélaga í kvikmyndagerð. Eftir þessa miklu rannsóknarvinnu og skýrslu frá erlendum ráðgjöfum var í stuttu máli tillaga stýrihóps þessi:

1. Kvikmynda- og fjölmiðlalæsi, ætti að kenna á grunnskólastigi.
2. Almenn kvikmyndanámi yrði í boði á framhaldsskólastigi.
3. Sérhæfing á framhaldsskólastigi í stoðhlutverkum kvikmyndagreinarinnar, svo sem hljóð, hár, förðun, tölvuvinnsla, ljós/rafvirkjun, búningar, leikmyndagerð o.s.frv.

4. Sérhæfing í kvikmyndagerð á BA-stigi. Áhersla lögð á listrænan grunn og markmiðið að útskrifa leiðandi kvikmyndagerðarmenn á sviðum leikstjórnar, handritsgerðar, kvikmyndatöku, klippingar, hljóðs og framleiðslu.

Grunnskólastig

Kennsla í kvikmynda- og fjölmiðlalæsi á að hefjast í grunnskólum. Myndefni er ráðandi í nútímasamfélagi þegar kemur að heimildum, fréttum, afþreyingu, tölvuleikjum, auglýsingum o.s.frv. Því er brýnt fyrir samfélagið að efla þekkingu og skilning á miðlinum svo einstaklingar geti lagt sjálfstætt mat á það sem fyrir augu þeirra ber. Mikilvægt er að skilja lögmál myndmiðilsins og öðlast getu til að lesa í og greina myndupplýsingar. Þannig er til dæmis æskilegt að ráða yfir þekkingu til að gera greinarmun á fréttamyndum og leiknu efnu, leggja mat á gæði og sannleiksgildi heimilda o.s.frv.

Kvikmyndalæsi eykur skilning á myndmiðlinum og þeim möguleikum sem hann hefur að bjóða. Þetta ætti að hafa í för með sér aukið sjálfstraust þegar kemur að því að beita miðlinum, njóta hans og ýta undir listsköpun. Þess vegna er mikilvægt að styrkja þennan þátt enn frekar á framhaldsskólastigi.

Jafnframt ætti að koma á kvikmyndasmiðjum þar sem áhugasamir krakkar geta spreytt sig á að gera stuttar myndir undir leiðsögn kennara. Ætla má að slíkar smiðjur gætu stuðlað að virkni stelpna en þátttaka kvenna í skapandi þáttum kvikmyndagreinarinnar er sláandi minni en karla. Nú eru tæki sem þarf til orðin það ódýr að tiltölulega litla fjármuni þarf til að útbúa sómasamlega aðstöðu sem gæti gagnast nokkrum hópum í senn. Má sjá fyrir sér að skólar gætu haft samvinnu um slíkar smiðjur, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni.

Framhaldsskólastig – Almennt kvikmyndanáms

Stýrihópurinn telur að í almennu kvikmyndanámi á framhaldsskólastigi beri að leggja áherslu á kvikmyndalæsi, innihald, kvikmyndafræði og -sögu, auk þess að veita nemendum innsýn í grunnþætti kvikmyndagerðar. Ráðlagt er að horfa til nágrannalanda við skipulag og útfærslu námsins, enda eru alþjóðlegir staðlar mikils metnir þegar kemur að frekara námi eða vinnu við fagið.

Markmiðið með náminu er að nemendur öðlist skilning á undirstöðupáttum kvikmyndalistarinnar og hafi þannig traustan grunn til að byggja á. Námið ætti að vera almennt grunnnám, sem fyrir utan menntunargildi yrði góður grunnur fyrir frekara kvikmyndanáms eða nám í tengdum fögum.

Stýrihópurinn telur að námið samstarf á milli skóla sé æskilegt og að skoða ætti þann möguleika að kjarnaskóli gæti verið leiðandi fyrir tæknilega þætti námsins.

Framhaldsskólastig – Sérhæfing í stoðgreinum

Nemendur sem vilja leggja áherslu á ýmsa tæknipætti og stoðgreinar sem tengjast kvikmyndagerð geta sérhæft sig á mismunandi hæfniprepum framhaldsskóla. Hér verður gerður greinarmunur á listrænu námi, sem fram fer á háskólastigi, og sérhæfðri fag- og tæknimenntun.

Markmiðið með náminu er að þjálfa nemendur til að vinna ýmis stoðstörf innan kvikmyndagreinarinnar. Við uppbyggingu námsins er mikilvægt að horfa til alþjóðlegra skilgreininga á störfum innan greinarinnar og hvaða hæfni þarf til að sinna þeim.

Ákveðnir skólar eru þegar í stakk búnir til að sinna slíku námi. Til dæmis geta deildir sem bjóða nám í rafvirkjun, hárgreiðslu, smíði, hljóðvinnslu, tölvuvinnslu/grafík og kvikun bætt við sérhæfðum áföngum í kvikmyndagerð. Með því að nýta aðstöðuna sem þegar er fyrir hendi er hægt að halda kostnaði í lágmarki.

Vegna þess hve kvikmyndanáms er dýrt í eðli sínu og brýnt er að uppfæra þekkingu og tækjakost reglulega, er ráðlegt að takmarka þann fjölda skóla sem bjóða slíka sérhæfingu. Æskilegra væri að einstakir skólar sérhæfðu sig á ákveðnu sviði eða að um einn kjarnaskóla yrði að ræða, með mögulegu flæði nemenda á milli deilda og mati á sérhæfðu námi milli skóla.

Stýrihópurinn telur að starfsnám verði mikilvægur hluti námsins, líkt og tíðkast með verknám almennt. Því verður mikilvægt að þróa námið í samstarfi við framleiðslufyrirtæki og sjónvarpsstöðvar. Fjöldi nemenda mun þannig að einhverju leyti ákvarðast af fjölda lærlingsstaða hverju sinni og haldast í hendur við þarfir starfsgreinarinnar.

Eftirfarandi nám gæti staðið til boða:

- Aðstoð við kvikmyndatöku, ljósamaður, lýsing (rafvirki)
- Hljóð – aðstoð við hljóðhönnuð/upptöku

- Hár
- Förðun
- Tölvuvinnsla, tæknibrellur, stafræn litgreining, kvikun
- Leikmynd (smiður)
- Búningar (kjólasveinn/klæðskeri)

Grunnám á háskólastigi í kvikmyndagerð

Stýrihópurinn telur að hefja beri kennslu í kvikmyndagerð á háskólastigi á Íslandi, sem lyki með BA-prófi. Sökum smæðar samfélagsins og takmarkaðs fjármagns er æskilegt að nemendur sækja framhaldsnám út fyrir landsteinana.

Í kvikmyndagerðarnámi á háskólastigi er mikilvægt að leggja áherslu á hinn listræna þátt og vænta má að þeir nemendur sem útskrifast með slíka menntun verði leiðandi á öllum sviðum myndmiðlunar. Þess vegna er lagt til að veigamestu listrænu hlutverkin í kvikmyndagerð verði kennd í háskólanámi. Þau eru leikstjórn (með áherslu á leiknar myndir og heimildamyndir), handritsgerð, kvikmyndataka, klipping, hljóð og framleiðsla. Ákveðin svið kvikmyndadeildar geta einnig skoðað samstarf við aðrar háskóladeildir, þar sem forsendur fyrir þverfaglegar tengingar eru fyrir hendi, t.d. viðskiptafræði vegna framleiðslu og markaðssetningar og kvikmyndafræði og listasögu.

Miðað við stærð greinarinnar hér á landi og hversu dýrt kvikmyndagerðarnám er, má gera ráð fyrir takmörkuðum nemendafjölda. Því er æskilegt að taka fleiri nemendur inn sjaldnar fremur en færri nemendur oft, enda hópefli og innblástur mikilvægur grunnur í skapandi starfi.

Sökum smæðar samfélagsins og listræns eðlis námsins yrði kvikmyndagerðarnámi til BA-prófs best fyrir komið innan veggja listaháskóla. Það tryggir hagkvæmni í rekstri, ýtir undir samlegðaráhrif og eykur samstarfsmöguleika kvikmyndadeildar við aðrar listgreinar innan skólans, svo sem tónlist, hönnun, grafíska hönnun, leiklist og myndlist. Einnig gæti verið ráðlagt að efna til samstarfs við aðra háskóla á þverfaglegum sviðum eins og áður er nefnt.

Kvikmyndagerðarnám undir formerkjum listaháskóla opnar einnig ýmsar dyr fyrir nemendur (og kennara), sem með slíku fyrirkomulagi hljóta aðgang að skiptinámi í gegnum alþjóðlegt samstarf háskólans. Auk þess er BA-gráða frá viðurkenndum háskóla lykill að frekara námi erlendis.

Hópurinn leggur til að við uppbyggingu námsins verði tekið mið af viðurkenndum háskólum, til dæmis *New York University*, *Columbia*, *New School (Parsons)* og *Danska kvikmyndaskólanum*. Einnig mætti líta til *Alto-skólans* í Finnlandi þar sem tækni- og skapandi greinar eru innan sama háskóla.

Hér er ekki lagt mat á kostnað en gert ráð fyrir að tillaga stýrihópsins sé hagkvæmasta lausnin bæði út frá faglegum og fjárhagslegum forsendum. Mikið brautryðjendastarf hefur átt sér stað hérlendis á undanförunum árum og traustir innviðir, þekking og reynsla byggst upp. Það er skoðun stýrihópsins að mikilvægt sé að nýta þá reynslu við frekari uppbyggingu kvikmyndanáms og jafnframt samhæfa þá krafta svo að gagnist nemendum og greininni til frambúðar.

Eftir að skýrslan kom út í desember var ánægjulegt að niðurstaða stýrihópsins var í sátt við skólasamfélagið, þverpólitískt og innan vébanda kvikmyndagerðarfólks. Í desember setti síðan menningar- og menntamálaráðuneytið vinnu að stað innan ráðuneytisins til þess að tillögur stýrihópsins geti orðið að veruleika. Þessi vinna sem fór fram leggur enn frekar grunninn að stéttar- og kjarabaráttu FK þar sem að nú er til viðmið og grunnur til þess að leggja fram tillögur að æskilegri menntun fyrir hvert starf í kvikmyndagerð.

Samstarf við stjórnvöld/stjórnámamenn - Fjárfestingaráætlun 2013-2015

Á hverjum tíma hefur stjórn FK það hlutverk að tryggja gott samstarf við stjórnvöld og stjórnámamenn til að auka skilning á aðstæðum kvikmyndagerðarmanna og gæta hagsmuna íslenskrar kvikmyndagerðar. Á síðustu árum eftir kreppu hefur mikil og góð samstaða náðst meðal fagfélaga í kvikmyndagerð og má segja að það stefni í að árið 2013 muni kvikmyndaiðnaðurinn uppskera eftir margra ára baráttu fyrir því að auka fjármagn til greinarinnar. Síðasta vor setti ríkisstjórnin fram fjárfestingaráætlun þar sem tilkynnt var að m.a. að kvikmyndasjóður yrði tvöfaldaður 2013-2015. Í fjárlögum í desember var síðan staðið við þessa áætlun og núna liggur fyrir að KMÍ hafi tvöfalt meira fjármagn í kvikmyndasjóð og stefnir í að verða rúmlega milljarður á þessu ári. Þetta er gríðarlega ánægjulegt þar sem að íslensk kvikmyndagerð hefur dalað á síðustu árum þar sem að niðurskurður og hrun krónunnar hafði mjög slæm áhrif á framleiðslu íslenskra kvikmynda.

Samstarf við önnur félög og stofnanir

FK á í ýmis konar formlegu og óformlegu samstarfi við önnur félög t.d. við SKL, samtök kvikmyndaleikstjóra og SÍK, samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda. Það samstarf hefur verið með miklum ágætum á síðustu misserum.

Kvikmyndamiðstöð Íslands

Undir lok árs eftir að ljóst var að tvöföldun kvikmyndasjóðs væri sjónmáli. Að ósk Laufeyjar Guðjónsdóttur hittir formaður FK og fulltrúi SÍK, Ingvar Ágúst Þórisson, Laufeyju til að ræða framtíðartilhögun úthlutana úr sjóðnum. Áður en Hrafnhildur og Ingvar fóru á fund með henni var kallað til fundar heimildamyndagerðarmanna til að kanna hvernig reynsla kvikmyndagerðarmanna væri af úthlutunum og tilhögun varðandi styrki úr sjóðnum. Eftir þann fund gengu Ingvar og Hrafnhildur á fund Laufeyjar og í framhaldi var m.a. ákveðið að styrkja betur þann hluta heimildamyndasjóðsins sem snýr að undirbúningi, handritagerð og fjáröflun. Einnig var samþykkt að styrkja betur 2-3 verkefni á ári og reyna að gera þau samkeppnishæf á alþjóðavettvangi.

Þriðjudaginn 29. janúar munu fagfélögin í kvikmyndagerð í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands efna til kynningarfundar í Bíó Paradís til að kynna breytingar á styrkjakerfi Kvikmyndasjóðs í kjölfar stóreflingar sjóðsins. Áætlað er að eftir kynningarfundinn muni ráðherrar, blaðamenn og fleiri góðir gestir slást í hópinn og verði þá farið yfir stöðu greinarinnar og helstu breytingar sem vænta má í ljósi aukinna framlaga til Kvikmyndasjóðs, sem einkum eru tilkomin vegna fjárfestingaráætlunar 2013-2015.

IKSA

Formlegt samstarf fagfélaga í kvikmyndagerð fer að mestu leiti innan IKSA - Íslensku kvikmyndaakademiunnar sem meðal annars heldur Eddu verðlaunin á ári hverju. FK hefur 2 fulltrúa þar í stjórn og nú sitja þar Stefanía Thors og Anton Máni Svansson.

Sú nýlunda var tekin upp starfsárið 2011-2012 að aðildargjöld voru lögð á meðlimi kvikmynda og sjónvarpsakademiunnar og eru það 2.000 kr. per mann. Undanþegnir aðildargjöldum eru heiðursfélagar og meðlimir 67 ára og eldri.



Félögum á síðasta ári fjölgaði úr 450 í 550 nú og virðist kjörskráin vera vel uppfærð enda þarf að greiða aðildargjald til þess að eiga kosningarétt. Alls voru 100 kvikmynda- og sjónvarpsverk send inn til Eddunnar 2012. Innsend verk í ár eru litlu færri en í fyrra þegar þau voru 104, sem þá var met. Í fyrra voru alls 58 innsend sjónvarpsverk en í ár hefur þeim fjölgað í 63. Þar af eru þrjú leikin verk fyrir sjónvarp, 12 fréttar- eða viðtalsþættir, 19 skemmtiþættir og 29 menningar- og lífsstílsþættir. Alls voru 7 kvikmyndir sendar inn í Edduna í ár, 7 stuttmyndir og 17 heimildamyndir, samanborið við 8 kvikmyndir, 13 stuttmyndir og 14 heimildamyndir í fyrra. Átta verk falla í flokkinn barnaefni í ár sem er fjölgun úr fjórum verkum í fyrra. Stjórn Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademiunnar fagnar þessari fjölgun því reynt hefur verið að gera veg barnaefnis sem mestan, meðal annars með því að leyfa innsendingu á verkum bæði í flokkinn barnaefni sem og einn annan flokk að auki.

Útsending Eddunnar er nú í höndum Stöðvar 2 en samþykkt var að taka tilboði þeirra, þar sem þeir buðu hærra í réttinn. Þeir óskuðu eftir 4 ára samningi og var það samþykkt 2011.



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

BÍL

Formaður FK situr sjálfkrafa í stjórn BÍL - Bandalags íslenskra listamanna en þar er gríðarlega mikilvægur vettvangur fyrir flest allar listgreinar á landinu. Kolbrún


Halldórsdóttir er starfandi forseti BÍL og hefur verið mjög öflug í að vinna að flestum þeim hagsmunamálum er varða listir í landinu. BÍL vann ötullega að eftirfarandi málum á árinu: skattalegri stöðu listafólks, samstarfi við ríki og borg um menningu og listir, lottómálum, kortlagningu skapandi

greina, málefnum RÚV, höfundarrétti, umsögn um þingmál sem varðar menningu og listir, Íslandsstofu og fleira.

Media áætlun Evrópusamkomulagsins

FK á fulltrúa í stjórn Media 2007 eða skrifstofu Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi. Sigríður M. Vigfúsdóttir var í fullu starfi við rekstur, samskipti við umsækjendur sem og samskipti við höfuðskrifstofuna í Brussel. MEDIA upplýsingaþjónustan er rekin af höfuðskrifstofu MEDIA í Brussel og af Kvikmyndamiðstöð Íslands. Fulltrúi FK er skipaður til 3 ára í senn af menningar- og menntamálaráðuneytinu en í sömuleiðis sitja fulltrúar stjórn SÍK og SKL í stjórninni

Reykjavík Shorts and Docs



Á síðasta ári var Reykjavík Shorts and Docs haldin í tífunda sinn og nú undir stjórn Heather Millard. Hátíðin var haldin með miklum glæsibrag í Bío Paradís, Slippbío (Hótel Marína) og Listasafni Reykjavíkur. Nýtt teymi tók við hátíðinni í 2012: Heather Millard – stjórnandi hátíðarinnar, Brynja Dögg Friðriksdóttir – dagskrágerð & markaðssetning, Michael Todd – grafísk hönnun og vefari, Linda Vilhjalmsdóttir – aðstoðardagskrágerð. Hátíðin sýndi 75 myndir og efndi til tveggja keppna: Besta íslenska stuttmyndin og Besta heimildamynd hátíðar nýliða. Önnur þemu hátíðar voru: konur í kvikmyndagerð í samstarfi við Women Make Movies, UN Women, Stígamót og W.O.M.E.N á Íslandi. Enn frekar var lögð áhersla á stuttar heimildamyndir. Hátíðin bauð upp á Masterklass með Kim Longinotto sem var einnig verndari hátíðarinnar og með Jerry Rothwell heimildamyndagerðarmanni. Einnig var boðið upp á

eftirfarandi málþing: Dreifing kvikmynda með Silje, Zentrop/Trust Nordisk, og Micheael Auret Spier Films UK, UN kvennamálþing eftir sýningu á Sarabah og pallborð með Stígamótum eftir „The price of sex“. Aðrar vinnusmiðjur ber að nefna Nordisk Film & TV Fond kynningu og Go Pro kynningu.

Það er ljóst að hátíðin á góða framtíðarmöguleika undir stjórn núverandi teymis. Nú þarf að vinna að því að auka hróður hátíðarinnar innanlands, koma henni betur á framfæri og tryggja hana í sessi til frambúðar. Reykjavík Shorts and docs er í eigu FK.

Höfundasjóður FK

Ekki var úthlutað úr höfundasjóði félagsins 2012 IHM tekjur hafa skroppið all verulega saman og úthlutum við núna á tveggja ára fresti. Höfundasjóður FK fær s.k. IHM réttindagreiðslur fyrir félagsmenn sem eiga hlut í verkefnum sem hafa verið sýnd opinberlega.

Menningarsjóður FK

Úthlutað var úr menningarsjóði félagsins eftir því sem umsóknir bárust. Einn aðili fékk styrk á árinu úr sjóðnum.

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndaanna

Bío Paradís

Bío Paradís heimili kvikmyndaanna er sjálfseignarstofnun sem FK er hlutaðeigandi að. Bío Paradís veitir almenningi aðgang að

fjölbreytilegri flóru kvikmyndaalista og sérhæfir sig í sýningum á nýjum listrænum og margvíslegum eldri kvikmyndum og þá sérstaklega íslensku og evrópskum myndum. Heimili kvikmyndaanna leggur sérstaka áherslu á að kynna börnum og unglingum, framtíðaráhorfendum, kvikmyndasöguna. Bío Paradís hefur þannig skýran tilgang og aðgreinir sig skýrt frá öllum öðrum kvikmyndahúsum: að gera það sem hin bíóin gera ekki.

Bíó Paradís er nú á sínu 3ja starfsári. Óhætt er að fullyrða að bíóið hafi aukið gríðarlega framboð á fjölbreyttri flóru kvikmynda í Reykjavík. Á síðasta starfsári (sept. 2011-ágúst 2012) sýndi bíóið alls 256 **kvikmyndir frá 40 löndum**, en til samanburðar sýndu öll hin bíóin á síðustu árum samanlagt um 150 kvikmyndir á sama tíma og langflestar frá Bandaríkjunum. (Heimild Ásgrímur Sverrisson)

Bíó Paradís hefur á starfstíma sínum verið vettvangur fjölda kvikmyndaviðburða og hefur mikið verk verið unnið þar. Enn glímur Bíó Paradís við nokkurn rekstrarhalla þó svo að aðeins mjakist í rétta átt. Velta Bíó Paradís er u.þ.b. 100 milljónir á ári og eru opinberir styrkir aðeins um 18% af rekstri hússins. Svipuð hús eru t.d rekin á hinum Norðurlöndunum og eru þau að mestu rekin fyrir opinbert fé. Stjórn Bíó Paradís setur það að markmiði sínu að koma rekstrinum réttum megin við núllið 2013 og leggur mikla áherslu á að ná þjónustusamningum við ríki og borg til þess að koma á móts við t.d. aukna eftirspurn eftir námsefni í kvikmyndalæsi.

Reglulega starfa 10-15 manns í hlutastarfi hjá Bíó Paradís. Eina 100% staðan er staða framkvæmdastjóra, störf dagskrágerðstjóra, sýningarstjóra og rekstarstjóri er sinnt sem hlutastarfi. Hrönn Sveinsdóttir gengdi starfi framkvæmdarstjóra á síðasta ári og Ásgrímur Sverrisson starfi dagskrágerðarstjóra.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðasta ári í tækni fyrir sýningu kvikmynda. Nú hefur rutt sér rúms um allan heim stafrænt sýningarkerfi sem kallast DCP. Nauðsynlegt hefur verið fyrir Bíó Paradís að koma sér upp slíkum sýningarbúnaði til þess að geta haldið áfram starfsemi. Þetta er dýrt fyrirtæki en mun hins vegar þegar að til lengri tíma er lítið vera hagkvæmar þar sem sá tími sem sýningarmenn þurfa að vera til staða minnkar all verulega með nýrri tækni. Framkvæmdastjóri fékk 2 tilboð fyrir stafrænan búnað og eru allar líkur á að BP taki tilboði Nýherja sem er mun lægra en hitt tilboðið og ódýrara í viðhaldi. Ef að fjármögnun gengur að óskum mun nýtt sýningarkerfi vera tekið í notkun í febrúar.

Stjórn Bíó Paradís var stækkuð á síðasta ári. Nú sitja í stjórn Hrafnhildur Gunnarsdóttir formaður, og Anna Þóra Steinþórsdóttir fyrir FK. Fyrir SÍK situr Ingvar Þórisson sem er jafnframt formaður stjórnar og Hilmar Sigurðsson. Ragnar Bragason situr fyrir SKL og á eftir að skipa annan fulltrúa. Líkur eru á að stjórnin verði stækkuð frekar á þessu ári til þess að ná markmiði sínu í að koma rekstrinum á rétt ról.



M.5 Lógó Bíó Paradís

RÚV

Nú liggur fyrir Alþingi nýtt frumvarp menningar- og menntamálaráðherra RÚV og er nú til umsagnar í þinginu. Þetta er viðamiklir frumvarp og er verið að leitast við að greiða úr ýmsum vandamálum sem hafa komið upp eftir að RÚV var ohf-vætt 2007. Lítið hefur þokast að koma málinu fram í þinginu og óttast stjórn FK að máli munu daga uppi núna á vorþingi.

Formaður FK átti stuttan fund með Skarphéðni Guðmundssyni nýjum dagskrágerðarstjóra RÚV um samstarf til þess að auka veg og vanda íslenskrar kvikmyndagerðar bæði leikins efni og heimildamynda. Slíkt er í farvegi innan stofnunarinnar en skynsamlegast væri að óska eftir fundi með forráðamönnum RÚV eins fljótt og auðið er til að bæta samskipti við stofnunina.

Útgáfa félagsskirteina og vefsvæði


Útgáfa félagsskirteina komst í fast horf á síðasta ári. Erfiðlega gekk að dreifa skirteinum eftir fyrstu útsendingu en vandkvæði eru enn með þá sem að greiða félagsgjöldin seint. Áætlanir eru uppi um að koma þessum málum í betra horf. Með útgáfu félagsskirteina er hægt að afla ýmissa fríðinda fyrir félagsmenn, afslætti ýmiskonar á kvikmyndahátíðir, kvikmyndahús og fleira.

Búið er að hanna notendasvæði fyrir félagi FK á vefsíðu félagsins www.film-makers.is. Þar er hægt að nálgast samninga og tilboð t.d. frá tryggingafélögunum og aðrar upplýsingar sem geta komið að góðum notum. Enn frekar munum við gefa fólki færi í framtíðinni að hlaða inn CV og sýnishornum af verkefnum þeirra á sitt eigið vefsvæði. Hugmyndin er sú að þeir sem eru að leita af starfsfólki geti skoðað þá sem eru félagar í fagfélagi kvikmyndagerðarmanna FK.

Lokaorð

Margt af þeim málum sem stjórn FK setti á oddinn á síðasta aðalfundi fengu úrlausn og náðu fram að ganga á þessu ári. Það að tvöföldun Kvikmyndasjóðsins er orðin að veruleika hefur í raun farið fram úr björtustu vonum stjórnarmanna. Einnig er sá góði vilji sem háttvirtur menningar- og menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir hefur sýnt frampróun greinarinnar með ólíkindum. Íslensk kvikmyndagerð er löngu búin að slíta barnsskónum, hún er líka vaxin upp úr skóm unglingsins. Þegar samkomulagi hefur verið náð um skynsamlegan vinnutíma, gott vinnumhverfi og skipulagt nám í kvikmyndagerð á framhaldsskóla og háskólastigi þá spái ég því að greinin muni eflast til muna, jafnvel svo að við verðum samkeppnishæf á alþjóðavettvangi og kannski bara skara fram úr þegar fram líða stundir. Nú hefur verið mörkuð framtíðarstefna sem við getum verið stolt af og við erum þess fullviss að sú fjárfesting sem fram undan er í íslenskrari kvikmyndagerð mun skila sér, ekki bara sem peningar í kassann heldur líka sem ómetanlegt framlag til íslenskrar menningar.

f.h. stjórnar Félags kvikmyndagerðarmanna



Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður